

## GJALDSKRÁ

### fyrir sérþjónustu í stafræna símakerfinu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

1. Stofngjald.

Skráningargjald kr. 575 greiðist í hvert sinn, sem beðið er um þjónustu, eina eða fleiri í senn. Vakning, liður 2.1., er undanskilin. Gjaldið greiðist einnig í hvert sinn, sem þjónusta er flutt á milli símanúmera við flutning.

2. Afnotagjald.

Fyrir þessa þjónustu er greitt árfjórðungsgjald eða sérstakt notkunargjald þegar viðskiptavinur gerir viðkomandi þjónustu virka.

2.1 Vakning. Sjálfvirk upphringing frá símtöð á tilteknum tíma sem notandinn sjálfur ákveður. Notkunargjald er 5 teljaraskref í hvert sinn.

2.2 Skammval. Afnotagjald fyrir hver 5 númer er kr. 138 á ársfjórðungi.

2.3 Símtalsflutningur. Afnotagjald fyrir hvern eftirtalinna kosta er kr. 138 á ársfjórðungi.

a) Öll símtöl eru flutt.

b) Þegar númerið er upptekið.

c) Þegar ekki er svarað.

2.4 Langlínulæsing. Afnotagjald fyrir hvorn eftirtalinna kosta er kr. 138 á ársfjórðungi:

a) Föst læsing í símtöð.

b) Læsing með lykilorði.

2.5 Endurval. Síðast valda númerið endurvalið. Afnotagjald er kr. 138 á ársfjórðungi.

2.6 Sjálfvirk hringing í fyrirfram ákveðið númer þegar lyft hefur verið af. Afnotagjald er kr. 138 á ársfjórðungi fyrir:

a) Hringingu samstundis.

b) Hringingu eftir 6 sekúndur.

2.7 Þriggja manna tal. Þrír geta talast við í einu. Afnotagjald er kr. 138 á ársfjórðungi.

2.8 Samtal bíður. Tónn gefur til kynna að viðkomandi símtal bíður. Hægt er að geyma fyrra símtal meðan öðru símtali er svarað. Afnotagjald er kr. 138 á ársfjórðungi.

2.9 Símtalavíxl. Hægt er að hringja í tvö símanúmer og skipta á milli þeirra. Afnotagjald er kr. 138 á ársfjórðungi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti, svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum sbr. 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og tekur gildi 15. ágúst 1988.

*Samgönguráðuneytið, 8. ágúst 1988.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

B 65